

Lög um dýralækna, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, undirskrifuð af konungi s. d.

Fjárlög fyrir árin 1916 og 1917, undirskrifuð af konungi s. d.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um skilning vörutollslaganna. **119**

24. sept.

Þjer hafð, herra sýslumaður, með brjefi, dags. 2. f. m., óskað úrskurðar um, hvernig beri að tolla tunnur í pörtum — tunnusveiga, tunnubotna, tunnuspons og tunnustafi — og leggið til að þær sjeu tollaðar eftir 2. lið 1. greinar vörutollslaganna.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til eftirbreytni, að stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að tunnusveigar, tunnubotnar og tunnuspons geti ekki fallið undir neinar þær vörutegundir, sem í 1. gr. 1.—5. lið vörutollslaga nr. 30, 22. okt. 1912, greinir, og verði því að telja nefndar vörur tollskyldar samkvæmt 1. gr. 6. lið sömu laga. En tunnustafi ber að tolla eftir 1. gr. 5. lið.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjóðinn »Dýrleifar minning«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. okt. 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

120

27. okt.

Skipulagsskrá

fyrir Dýrleifar minning.

Dýrleifar minning er sjóður stofnaður til minningar um mína elskulegu eiginkonu, Dýrleifu Sveinsdóttur, er var fædd 11. maí 1860 á Hóli í Höfðahverfi, dái 2. desbr. 1894 á Skútustöðum í Mývatnssveit.

1. gr.

Stofn sjóðsins er 1000 kr., er leggjast eiga í aðaldeild Söfnunarsjóðs Ís-

120 lands með þeim skilmálum, að helmingur vaxtanna leggist árlega við höfuðstól-
27. okt. inn, en hinn helmingurinn falli árlega til útborgunar úr aðaldeildinni.

2. gr.

Af þeim helmingi ársvaxtanna, sem falla til útborgunar samkvæmt 1. gr, skal jafnótt leggja einn þriðja hlutann í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins, en upphæð sú, er þannig safnast þar, skal með vöxtum og vaxtavöxtum falla til útborgunar 60. ár hvefrrar aldar, svo henni verði varið svo sem fyrir er mælt í 6. gr. En tveim þriðju hlutum þeirra vaxta, sem árlega falla til útborgunar, skal varið svo sem segir í 5. gr.

3. gr.

Sjóðnum stjórnar undir eftirliti sóknarprestsins að [Skútustöðum, sbr. 9. gr., þriggja manna forstöðunefnd, og skipa hana: prestskonan á Skútustöðum, kona hreppstjórans í Skútustaðahreppi og forstöðukona Hringfjelagsins í Mývatns- sveit. Vanti einhverja af þessum konum. eða vilji einhver þeirra eigi vera í nefndinni, skal sóknarpresturinn kveðja húsmæður sveitarinnar á fund til að kjósa aðra í hennar stað.

4. gr.

Forstöðunefndin hefir alla umsjón með sjóðnum, semur ársreikning hans og fær hann auglýstan í B-deild Stjórnartíðindanna eða Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Hinn 2. desbr. ár hvert skal forstöðunefndin koma saman, og ráðstafar hún þá þeim $\frac{2}{3}$ hinna útborguðu vaxta, sem um er rætt í 2. gr. Skal fjenu varið til að gleðja með á jölunum alt að 10 börnum í Mývatnssveit innan 14 ára aldurs; þó mega börnin vera alt að 20, ef ástæður eru til. Forstöðunefndin ræður sjálf, á hvern hátt hún lætur þetta koma fram: í munum eða peningum; má og gefa sparissjóðsbók með ákveðnu innlagi, ef svo sýnist. Einkum skal tekið tillit til þeirra barna, sem eru föður- eða móðurlaus.

6. gr.

Sextugasta ár hvefrrar aldar, í fyrsta sinn 1960, skal taka út alla þá upphæð, sem safnast hefir í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins, sbr. 2. gr. Gengur þá annar helmingur þeirrar upphæðar til afkomenda okkar eða minna, sbr. 7. gr. Hinum helmingnum skal aftur skift í tvo hluti, og fellur annar þeirra til Höfðahverfis, en hinn til Mývatnssveitar, til þess að fyrir það fje skuli haldin samkoma eða minning 11. maí sama ár bæði að Hóli í Höfðahverfi og á Skútustöðum; skal þangað einkum boðið öllum börnum sveitanna; stendur hreppsnefndin í hvorum hreppi fyrir því hátíðahaldi. Ekki má kostnaðurinn fara fram úr fje því, sem fyrir hendi er. En verði afgangur af fjenu, skal forstöðunefndin eftir

tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar veita hann 2—4 efnilegustu börnum sveitarinnar á aldrinum 10—14 ára. 120
27. okt.

7. gr.

Upphæð sú, er á 60. ári hveurrar aldar á að ganga til afkomenda minna samkvæmt 6. gr., skiftist jafnt milli allra þeirra afkomenda minna, sem á lífi eru 11. maí það ár og sem fyrir þann tíma hafa gefið sig fram við forstöðunefndina, annaðhvort sjálfir beinlínis eða þannig að forráðamenn þeirra hafa gert það fyrir þeirra hönd. Sjeu engir afkomenda minna á lífi, fellur upphæð sú, er þeim mundi bera, til helmingskifta milli Höfðahverfis og Mývatnssveitar. Skal stofna líknarsjóði af fje þessu.

8 gr.

Forstöðunefndin gerir grein fyrir skiftingu þess fjár, er um er rætt í 6. gr., og kostnaði við hátíðahaldið í ársreikningi sjóðsins.

9. gr.

Sóknarpresturinn að Skútustöðum skal hafa eftirlit með því að forstöðunefndin stjórni jafnan sjóðnum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Gjört að Hólmum í Reyðarfirði, 2. desbr. 1914.

Arni Jónsson.